

## AUGLÝSING um deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ.

### *Breyting deiliskipulags Flata.*

Breytingin nær til lóðarinnar að Sunnuflöt 16 og felur í sér að efri hæð hússins að Sunnuflöt 16 fer einn metra út fyrir byggingarreit til vesturs.

### *Breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.*

Breytingin varðar lóð nr. 3 við Suðurhraun og gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa 2 m háa girðingu í tveggja metra fjarlægð frá lóðarmörkum meðfram götu og gróðursetja gróðurbelti meðfram girðingu innan lóðar, í eldri skilmálum er ekki gert ráð fyrir girðingum á framhlið húsa.

### *Breyting á deiliskipulagi Garðahrauns.*

Breytingin nær til lóðarinnar að Lyngprýði 7 og felur í sér að bílastæði færast frá norðaustri til suðvesturs inn á miðju lóðar.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 18. júní 2008.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson**  
skipulagsstjóri.